Garðaskóli í september 2010

Skýrsla skólastjóra í ársskýrslu Garðaskóla 2009-2010:

Skýrsla skólastjóra - nýmæli

Eins og fram kemur í formála skýrslunnar er þessi formlega skýrsla skólastjóra nýmæli í ársskýrslu Garðaskóla. Í henni mun skólastjóri reifa skólastarfið og draga fram helstu atriði sem að hans mati skipta máli í starfinu og veita upplýsingar um stöðu mála , stefnumótun og markmið. Þá mun skólastjóri setja fram tillögur og hugmyndir um þróun og framvindu skólastarfs og aðbúnaðar. Jafnframt þessu mun skólastjóri nokkrum sinnum á vetri draga fram svipuð atriði í reglulegum pistlum sem birtast foreldrum og notendum heimasíðu skólans. Í skýrslum deildarstjóra og fagstjóra koma síðan fram nánari atriði sem snerta stefnumótun skólans á þeim sviðum sem viðkomandi vinna með og bera ábyrgð á í góðri sátt við skólasamfélagið allt.

Starfsáætlun, skólanámskrá og kennsluáætlanir

Þá munu nokkrir þættir sem verið hafa í ársskýrslu skólans fram að þessu færast í starfsáætlun skólans sem skólum er nú samkvæmt nýjum grunnskólalögum skylt að gefa út árlega. Ársskýrsla skólans er ekki lagabundin og mun þessi breyting breyta eðli hennar þannig að hún verður skýrsla um innra starf skólans en starfsáætlun mun lýsa ytri þáttum, starfsháttum, verkaskiptingu og hagnýtum atriðum. Hvort tveggja er síðan hluti af skólanámskrá Garðaskóla sem endurskoðuð er árlega.

Kennsluáætlanir munu eftir sem áður birtar á heimsíðu skólans enda settar fram samkvæmt þeim markmiðum og fyrirmælum sem eru í opinberum námskrám, skólastefnu Garðabæjar og í skólanámskrá Garðaskóla.

Skólaárið 2009-2010

Ljóst er að samdráttur sem varð á skólaárinu 2008-2009 og umbyltingar í þjóðfélaginu settu mark sitt á starfsemi Garðaskóla sem annarra skólastofnana skólaárið 2009-2010. Stjórnendum Garðaskóla var trúað fyrir að draga sem mest úr kostnaði við starfsemi skólans og fyllsta aðhalds var gætt í nýkaupum og reynt að spara í rekstrarkostnaði sem kostur var. Í mannahaldi var stefnan að ráða ekki í störf sem losnuðu heldur hagræða og rýna í verkaskiptingu. Í heild má segja að þessi viðleitni hafi gengið vel utan þess að almennur rekstrarkostnaður hækkaði mikið í takti við verbólgu sem einkum varð snemma árs 2009.

Nemendur ættu ekki að hafa fundið fyrir þessum samdrætti utan þess að haustið 2009 voru svonefndir „Gagn og gaman-dagar“ felldir niður vegna fyrirsjáanlegs kostnaðar sem skólinn átti ekki fyrir og bæjarsjóður styrkti ekki þetta haustið. Haustið 2010 munu „Gagn og gaman“-dagar á hinn bóginn verða haldnir með tilstyrk frá bæjarsjóði sem veittur er grunnskólum bæjarins til sveigjanlegs skólastarfs að eigin vali eftir að hafa sótt um slíkan stuðning.

Nemendafjöldi skólans hefur nokkurn veginn staðið í stað frá árinu 2006 eftir verulega fækkun sem varð á árunum þar á undan m.a. vegna flutnings nemenda 7. bekkjar í aðra grunnskóla bæjarins, brottflutning nemenda af Álftanesi í heimaskóla sinn og með tilkomu unglingadeildar í Sjálandsskóla. Nemendur skólaárið 2010-2011 verða samkvæmt spám um 400 sem telst vera lægsti nemendafjöldi í Garðaskóla um alllangt árabil. Auðvitað fylgja breytingum af þessu tagi kostir og gallar. Kostur er að rýmra er um nemendur og greiðari afgreiðsla í matsal, minni þrengsli á göngum en ókostur er að skólinn hefur rýrari möguleika til dreifingar nemenda í ferðakerfi 9.- og 10.bekkjar og valkostum fækkar. Flest bendir til að eftir skólaárið 2010-2011 fjölgi smátt og smátt á ný í skólanum vegna fjölgunar íbúa bæjarins með tilheyrandi fjölgun grunnskólanemenda. Þrátt fyrir fækkun nemenda helst fjöldi kennara óbreyttur sem skýrist fyrst og fremst af því að flestir þeirra hafa minnkað við sig kennslu sem dreifist á sama fjölda nemenda sem fyrr.

Við fjármálahrunið sem varð haustið 2008 stöðvuðust allar framkvæmdir í skólanum og áætlanir um umbyltingu á náttúrufræðistofum sem þegar var búið að teikna var frestað um óákveðinn tíma. Jafnframt lagðist af vinna við þróunarstarf sem miðaðist að stofnun sérstakrar list- og verknámsdeildar í Garðaskóla með tilheyrandi endurbótum á öllum list- og verknámsstofum skólans sem sumar hverjar eru orðnar ansi lúnar. Einnig var hugmyndum um breytingar á efri hæð aðalbyggingar með uppsetningu upplýsingavers (sameining tölvuvers og skólasafns) slegið á frest. Þá hefur skólinn ekki endurnýjað neinn tækjakost né annan búnað frá því í október 2008. Sem betur fer náðist þó að ljúka innréttingum á félagsaðstöðu skólans og bæjarins: Garðalundi. Á árinu 2010 er ekki von á miklum breytingum en ljóst að á árinu 2011 þarf að viðra fyrri áætlanir og huga að næstu skrefum í endurbótum á húsnæði og helst koma á því þróunarstarfi sem hafið var fyrir ósköpin sem dundu yfir haustið 2008.

Sérstaða Garðaskóla

Í Garðabæ hafa yfirvöld lagt áherslu á að foreldrar hafi val um skóla og skólagerðir. Þrátt fyrir smæð bæjarins eru valkostir fjölbreyttir, bæði á leik- og grunnskólastigi. Á grunnskólastigi geta foreldrar nú valið um að senda börn sín í heildstæðan grunnskóla sem Sjálandsskóli verður skólaárið 2010-2011, í Garðaskóla sem er sérhæfður skóli fyrir unglingastig í nánu samstarfi við félagsmiðstöð bæjarins Garðalund, Flata- og Hofsstaðaskóla sem eru sérhæfðir skólar með barnastigið 1.-7. bekk og síðan einkarekinn skóla með nemendur frá leikskólastigi að 5.bekk (skólaárið 2010-2011). Að auki er rekinn Alþjóðaskóli í Sjálandsskóla og leikskóladeild í Flataskóla (2010-2011).

Á grundvelli þess að Garðaskóli þjónar aðeins þremur árgöngum, lokastigi grunnskólans, hefur starfið mótast af sérhæfni og markvissum vinnubrögðum sem henta námi og kennslu þessa aldurshóps. Til skólans ráðast eingöngu kennarar og starfsmenn sem vilja og geta unnið með nemendum á hinu viðkvæma gelgjuskeiði 13-16 ára aldurstigsins. Ekki síður mikilvægt er að til kennara skólans eru gerðar ríkar kröfur um þekkingu og færni til að geta kennt það námsefni sem ætlað er unglingum sem eru að ljúka grunnskólanámi.

Hópa- og ferðakerfi

Á þriðja áratug hefur Garðaskóli unnið með hópa- og ferðakerfi í 9. og 10. bekk og tekist að byggja upp skólastarf þar sem áhersla er lögð á að hver einstaklingur fái nám við hæfi sem þýðir að enginn nemandi í 9. og 10.bekk hefur eins stundaskrá og nemendur raðast eftir frammistöðu og hraða í tilteknar námsgreinar og einnig hefur skólanum í gegnum tíðina tekist að bjóða fram ríkulegt úrval valgreina í 9. og 10.bekk.

Flýtileiðir og framhaldsnám

Þá hefur skólinn einna fyrstur grunnskóla landsins boðið nemendum upp á flýtileiðir með framboði á svonefndum „flugferðum“ í 9. bekk þar sem nemendur ljúka námi tveggja ára á einum vetri og geta að því loknu skráð sig í allt að tvo framhaldsskólaáfanga í nokkrum námsgreinum í 10. bekk. Þetta fyrirkomulag hefur verið viðhaft í Garðaskóla á þriðja áratug í góðu samstarfi við Fjölbrautaskóla Garðabæjar sem metur námið í Garðaskóla til eininga og einnig er vitað að flestir fjölbrautaskólar landsins hafa tekið upp sama háttinn og einnig metið framhaldsnámið í Garðaskóla til eininga. Frá árinu 2007 hefur nemendum verið boðið upp á að taka bæði framhaldsáfanga 103 og 203 í þremur greinum: Íslensku, stærðfræði og ensku.

Stjórnun

Í Garðaskóla er skýr verkaskipting í skipulagi skólans (sjá skipurit og starfslýsingar í þessari skýrslu . Auk skólastjóra og aðstoðarskólastjóra starfa deildarstjórar árganga og verkefna. Utan um faggreinarnar halda fagstjórar og umsjónarkennarar sjá síðan um nánasta samstarf við nemendur. Nú hefur nemendum skólans fækkað verulega frá því sem mest var árið 2004 þegar fjöldinn náði um 740 nemendum. Í réttu hlutfalli við fækkun hefur mannahald í skólanum minnkað og tímum til stjórnunar fækkað. Stöðugildum á skrifstofu skólans hefur fækkað og jafnframt hafa starfshlutföll deildarstjóra lækkað í réttu hlutfalli við fækkun nemenda og kennsluskylda deildarstjóra aukist samfara því samkvæmt kjarasamningum. Skólaárið 2010-2011 fækkar deildarstjórum um einn og í stað þriggja deildarstóra árganga verða þeir tveir auk deildarstjóra námsvers – allir í hlutastarfi sem stjórnendur.

Aukið samstarf við foreldra:

Skólaráð

Samkvæmt nýjum lögum um grunnskóla frá því í júlí 2008 var Skólaráð Garðaskóla stofnað í desember 2008. Ráðið tók við þeim hlutverkum sem kennararáð og foreldraráð gegndu áður samkvæmt eldri lögum

Um starfsemi skólaráða hefur verið gefin út reglugerð (1157/2008) sem finna má á vefsíðu

menntamálaráðuneytis og einnig á heimasíðu Garðaskóla.

Meginverkefni skólaráðs er að vera samráðsvettvangur skólastjóra og skólasamfélags um

skólahald. Skólaráð fjallar því um og tekur þátt í stefnumörkun skólans og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Í skólaráði Garðaskóla sitja 9 fulltrúar samkvæmt lögum:

Tveir fulltrúar foreldra , tveir fulltrúar kennara, tveir fulltrúar nemenda,

forstöðumaður Garðalundar sem fulltrúi grenndarsamfélags Garðaskóla og

fulltrúi annarra starfsmanna en kennara Garðaskóla.

Starfsreglur Skólaráðs eru birtar opinberlega á heimasíðu skólans: gardaskoli.is

Foreldrafélag - bekkjarfulltrúar

Samkvæmt nýju grunnskólalögunum er skólastjóra skylt að hafa forgöngu um stofnun foreldrafélags og á skólaárinu 2009-2010 var Foreldrafélag Garðaskóla endurvakið eftir stuttan dvala, kosin stjórn og bekkjarfulltrúar kallaðir saman til skrafs og ráðagerða. Ný stjórn var síðan kosin vorið 2010.

Úr hverri bekkjardeild eru valdir þrír fulltrúar foreldra til að gegna hlutverki bekkjarfulltrúa sem sjá um viðburði á vegum viðkomandi bekkjardeildar og eru tengiliðir við stjórn foreldrafélagsins og í sumum tilvikum einnig þátttakendur í heildarstarfi foreldra í Garðabæ á vegum svæðisráðs foreldra í bænum.

Heimanám – Handbók, Mentor og verkefnabók

Á skólaárinu 2009-2010 tóku kennarar og stjórnendur skólans ákvörðun um að hætta að gefa út „Handbók nemenda“ sem hefur verið við lýði á annan áratug í Garðaskóla en hefja skráningu heimanáms í Mentor og jafnframt að birta þar verkefnabók hverrar námsgreinar. Um þetta atriði eru skiptar skoðanir á meðal kennara en ákvörðunin var tekin vegna þeirra öru tæknibreytinga sem orðið hafa og möguleikar á rafrænum samskiptum mun greiðari og öruggari en áður. Þá spilaði einnig inn í að skólinn getur ekki að óbreyttu lengur staðið undir kostnaði við prentun á handbókinni sem afhent var

nemendum öllum án endurgjalds. Margir sakna handbókarinnar en nemendum er bent á að þeir geti keypt sér „Skólakompu“ og skráð þar heimanám og annað sem viðkemur skólastarfinu.

Í tenglum við þessar breytingar hafa innan skólasamfélagsins orðið allnokkrar umræður um fyrirkomulag, markmið og framkvæmd heimanáms. Ljóst er að tími nemenda utan skóla hefur minnkað og stefna skólans er að heimanám íþyngi ekki nemendum og valdi óþarfa álagi og kvíða. Á hinn bóginn er óhætt að fullyrða að kennarar telja að hóflegt heimanám þjóni þeim tilgangi að nemendur undirbúi kennslustundir, vinni úr því sem þar fer fram, rifji upp og jafnframt gefi heimanám foreldrum tækifæri á þátttöku í námi barna sinna. Það blasir þó við að hinn gullni meðalvegur í þessum efnum er vandrataður og skólinn fær mjög misvísandi skoðanir frá foreldrum um heimanám – allt frá því að það eigi alls ekki að eiga sér stað til óska um aukningu á heimaverkefnum.

Samstarf við nemendur – þátttaka í stjórnun skólans

Í nemendasamfélaginu starfa nokkrir hópar nemenda sem gagna ábyrgðarstörfum auk þess sem tveir fulltrúar nemenda sitja í skólaráði Garðaskóla.

‚Á vegum Garðalundar, í samstarfi við Garðaskóla, starfar fjölmennur hópur sem kallast „félagsmálahópur“. Í samráði við starfsmenn Garðalundar og skólans sjá nemendur um skipulagningu og framkvæmd á helstu viðburðum í félagslífinu auk skipulags á „Degi skólans“, árshátíð og árlegu samstarfsverkefni um söngleik Garðalundar og Garðaskóla.

Fulltrúar úr þessum hópi hafa og tekið þátt í að funda með skólastjóra í svonefndum „rýnihóp nemenda“. Með breyttum lögum mun stjórn nemendafélags taka við hlutverki rýnihópsins.

Á vegum námsráðgjafa skólans starfar hópur „nemendaráðgjafa“ sem m.a. hefur það hlutverk að taka á móti gestum, liðsinna nýliðum í 8.bekk og öðrum nýnemum 9. og 10.bekkjar. Einnig veita nemendaráðgjafar nemendum og nemendahópum, sem á þurfa að halda, hvatningu og stuðning til að aðlagast skólastarfinu og styrkja þá félagslega. Verkefni nemendaráðgjafanna eru mun fjölbreyttari og lesa má nánar um verkefni þeirra í skýrslu námsráðgjafa hér aftar í ársskýrslunni.

Þá hafa stjórnendur skólans heimsótt alla 8. bekki , viðrað skólastarfið, svarað spurningum og tekið þátt í umræðum. Einnig hefur skólastjóri á sama hátt heimsótt alla hópa í lífsleikni í 9. og 10.bekk – eins konar skólaþing.

Í upphafi skólaárs fá nemendur 8.bekkjar „hópeflisdag“ þar sem þeir hitta alla lykilstarfsmenn skólans, skólastjórnendur, námsráðgjafa, deildarstjóra, fulltrúa félagsmiðstöðvar , nemendaráðgjafa og skólahjúkrunarfræðing. Þar fer fram kynning á skólastarfinu auk fyrirspurna og umræðna.

Agamál – Uppbyggingarstefnan – Uppeldi til ábyrgðar

Frá árinu 2002 hefur skólinn tekið upp hugmyndir svonefndrar „Restitution“ í stefnumótun sinni um aga- og samskiptamál og haft til hliðsjónar við framsetningu á skólareglum. Restitution hefur gengið undir heitinu „Uppbygging“ í Garðaskóla og fjölmargir leik- og grunnskólar hér á landi hafa á undanförnum árum tekið upp þessa stefnu og þá einnig undir yfirskriftinni „Uppeldi til ábyrgðar.“

Skólinn gefur árlega út bæklinginn „Samskipti og skólaandi“ þar sem „uppbyggingunni“ er lýst ásamt helstu skólareglum og þeim marklínum sem skólinn setur um hegðun og samskipti allra sem að Garðaskóla koma. Frá 2002 hafa tugir starfsmanna Garðaskóla sótt námskeið í Bandaríkjunum um nýtingu þessara aðferðarfræði auk þess sem Garðaskóli hefur á síðastliðnum átta árum haldið þrjú námskeið í fræðunum fyrir alla starfsmenn skólans undir stjórn og leiðsögn forsprakka stefnunnar frá Bandaríkjunum og Kanada.

Nemendum hafa árlega verið kynntar aga- og samskiptareglur skólans formlega, bæði í umsjónartímum og í kennslustundum í lífsleikni. Allir nemendur og foreldrar þeirra fá bæklinginn í hendur í upphafi skólaárs. Bæklingurinn og efni hans er hluti af skólanámskrá Garðaskóla.

Stoðkerfi skólans

Í Garðaskóla er starfrækt öflugt stoðkerfi nemendum til handa. Skólinn hefur á stefnuskrá sinni að allir nemendur skólans (foreldrar) geti ef þurfa þykir sótt um sérstakan stuðning til langtíma eða skemmri tíma. Stoðkerfi skólans er undir stjórn deildarstjóra námsvers auk þess sem námsráðgjafar koma að daglegum stuðningi við nemendur með ráðgjöf og liðsinni. Þá vinna deildarstjórar árganga með skipulagsmál og skólasóknarmál í nánu samstarfi við nánasta tengilið við hvern nemanda: umsjónarkennarann. Síðar í þessari skýrslu má lesa greinargóða lýsingu á stoðkerfinu, starfi, deildarstjóra árganga, námsráðgjafa og um verkefni námsvers.

Framundan

<u>Mörg verkefni eru framundan í starfi Garðaskóla</u>:

Gæða- og símenntunarmál. Eftir tiltekna stöðvun á þróunarstarfi í gæða- og símenntunarmálum hefur þráðurinn verið tekinn formlega upp að nýju. Matstæki verða endurskoðuð en þrátt fyrir hlé á formlegu starfi hafa að sjálfsögðu tiltekin innbyggð gæðamál verið virk: fagstjórar gera árlega grein fyrir starfi sínu og leggja mat á það í skýrslu fagstjóra auk þess að setja fram umbótatillögur. Nemendur allir svara grunnspurningum í „Skólapúlsinum“ sem er sjálfsmatstæki sem Garðaskóli notar. Þá var Garðaskóli á sl. vetri þátttakandi í landsverkefninu „Skólavogin“ sem verið er að þróa um þessar mundir. Þar eru fundnar lykiltölur viðkomandi skóla og veittar upplýsingar um styrk- og veikleika.

Þróunarverkefni: Skólinn mun á skólaárinu 2010-2011 hefja starfsemi nýrrar deildar ADHD nemenda sem styrkt er af Félags- og tryggingarmálaráðuneyti, en skólinn hlaut haustið 2010 myndarlegan styrk frá ráðuneytinu upp á kr. 2.430.000.-.

Gjört í september 2010

Ragnar Gíslason, skólastjóri Garðaskóla